

Hvítserkur
Deiliskipulag



GREINARGERÐ
14.04.2023



HÚNAÞING VESTRA



LANDMÓTUN®

Margrét Ólafsdóttir og

Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 14.4.2023.

Forsíðumynd: Húnaþing vestra

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Aðdragandi og markmið	4
3.	Staðarhættir.....	4
4.	Helstu forsendur	6
4.1	Skipulagsleg staða	6
4.2	Útivist og ferðamennska	7
4.3	Minjar	8
4.4	Vistgerðir	8
4.5	Náttúruvernd	9
5	Tillaga.....	9
5.1	Aðkoma og bílastæði	9
5.2	Áningarstaðir og vegprestar.....	9
5.3	Stígakerfi	9
5.4	Þjónustuhús	10
6	Umhverfisáhrif	10
7	Heimildaskrá	11

Myndaskrá

Mynd 1	Skipulagssvæðið, rauða línan sýnir mörk skipulagssvæðis.....	3
Mynd 2.	Hvítserkur, ljósmynd Pétur Jónsson.....	4
Mynd 3.	Útsýnispallur fyrir ofan Hvítserks. Mynd frá 2022.....	5
Mynd 4.	Á myndunum má sjá hvernig svæðið í kringum útsýnispallinn er orðið traðkað niður. Mynd frá 2022.....	6
Mynd 5.	Bílastæði við Hvítserk, mynd frá 2022.	6
Mynd 6.	Svæði deiliskipulags á skipulagsupprætti gildandi aðalskipulags.	7
Mynd 7	Talning á vegum Ferðamálastofu. Meðalfjöldi gesta á Hvítserks eftir mánuðum 2021-2022.....	8
Mynd 8.	Vistgerðarkort frá NÍ. Rauður hringur afmarkar staðsetningu deiliskipulags.	8

1. Inngangur

Húnaþing vestra hefur ákveðið að gera deiliskipulag fyrir svæðið í kringum Hvítserk sem staðsettur er í vestanverðum botni Húnaþingavíðar, í Húnaþingi vestra. Deiliskipulagið er stjórnæki til að móta framtíðarsýn og leggja fram stefnu um svæðið og hvernig uppbygginu skuli háttað. Sveitarfélagið stefnir að friðlýsingu Hvítserks í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun. Mörkuð er stefna um hverfisvernd svæðisins sem gildir þar til Hvítserkur verður friðlýstur. Á mynd 1 má afmörkun deiliskipulagssvæðisins en stærð svæðisins eru tæpir 17,4 ha.

Deiliskipulag þetta er ekki matsskytt samkvæmt reglugerð 66/2015 um mat á umhverfisáhrifum.



Mynd 1 Skipulagssvæðið, rauða línan sýnir mörk skipulagssvæðis.

2. Aðdragandi og markmið

Tilgangurinn er að vinna deiliskipulag fyrir svæðið, en ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Hvítserk.

Megin markmið nýs deiliskipulags er að kortleggja núverandi stöðu og ákvarða staðsetningu göngustíga, salerna og áningarstaða. Lögð verður áhersla á að umhverfisgæði svæðisins nýtist til útivistar og að fullt tillit verði tekið til ósnortinnar náttúru. Önnur markmið eru að:

- standa vörð um merkar náttúru- og söguminjar,
- kortleggja og skilgreina gönguleiðakerfi,
- stuðla að betra aðgengi almennings og eflingu ferðaþjónustu.

3. Staðarhættir

Hvítserkur er brimsorfinn berggangur sem stendur stakstæður í sjó í vestanverðum botni Húnaafjarða. Berggangar eru sprungufyllingar, það er að segja bergkvika sem þrýst hefur út í sprungur í berginu og storknað þar. Berggangar eru því alltaf yngri en bergið í kring en í tilfalli Hvítserks stendur aðeins bergangurinn eftir sem gerir náttúruþyrirbærið einstakt. Hvítserkur er 15 m hár, hvítur af fugladriti og talið er að nafn hans sé dregið af því.

Sérstakt og ævintýralegt útlit Hvítserks hefur leitt af sér þjóðsögu og segir sagan að Hvítserkur sé steinrunninn tröllkarl sem bjó norður á Ströndum og vildi brjóta niður kirkjuklukkur Þingeyraklausturskirkju. Leiðin var torsóttari en hann gerði ráð fyrir og þegar sólin reis um morguninn hafði honum ekki tekist að ljúka ætlunarverki sínu og breyttist hann því í stein er hann leit fyrstu sólargeislana.



Mynd 2. Hvítserkur, ljósmynd Pétur Jónsson.

Nærri Hvítserk í ósi Sigríðarstaðavatns er að finna einn besta selaskoðunarstað landsins. Þar liggja uppi á sandinum gengt ósnum eða synda í sjónum nokkur hundruð selir alla daga ársins.

Vatnsnesvegur liggur að Hvítserki. Á deiliskipulagssvæðinu er bílastæði, göngustígar og útsýnispallur. Miðað við mikinn fjölda gesta og aukningu þeirra milli ára eru núverandi innviðir ekki alls nægir til að sinna þeirri umferð sem er um svæðið. Bílastæðið annar ekki þeirri bílaumferð sem nú er um svæðið, bílar leggja gjarnan utan við stæðið. Tveir göngustígar liggja frá bílastæði, annar til suðurs og hinn til norðurs að útsýnispalli. Útsýnispallurinn er lítill og svæðið í kringum hann mikið traðkað niður. Frá útsýnispalli er troðinn stígur niður bratta hlíðina niður í fjöru. Sá stígur er torfær og getur verið háll og er mikið notaður af gestum sem vilja komast í návígi við Hvítserk.



Mynd 3. Útsýnispallur fyrir ofan Hvítserks. Mynd frá 2022.



Mynd 4. Á myndunum má sjá hvernig svæðið í kringum útsýnispallinn er orðið traðkað niður. Mynd frá 2022




Mynd 5. Bílastæði við Hvítserk, mynd frá 2022.

4. Helstu forsendur

4.1 Skipulagsleg staða

Í Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 er svæðið umhverfis Hvítserk skilgreint sem landbúnaðarland og eru það jarðirnar Ósar og Súluvellir syðri sem liggja að svæðinu. Hluti af landi Ósa er deiliskipulagt og er það svæði skilgreint fyrir verslun og þjónustu. Í skipulaginu er Hvítserkur skilgreindur sem hverfisverndað svæði vegna náttúruminja þar til hann verður friðlýstur. Hverfisverndarsvæði eru svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarlegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum. (gr. 6.3.i. í skipulagsreglugerð). Hverfisverndarákvæði um svæði HV-3 (flokkur




Mynd 7 Talning á vegum Ferðamálastofu. Meðalfjöldi gesta á Hvitserks eftir mánuðum 2021-2022.

4.3 Minjar

Engar þekktar minjar eru innan deiliskipulagssvæðisins en ekki hefur verið gerð fornleifaskráning. Samráð verður haft við Minjastofnun um hvort þurfi að gera fornleifaskráningu á svæðinu.

4.4 Vistgerðir

Snarrótarvist er ríkjandi á svæðinu þar sem ekki eru tún og er með hátt verndargildi. Starungsmýrarvist er einnig á svæðinu og er með mjög hátt verndargildi. Þessar vistgerðirnar eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Auk þeirra má finna Hraungambravist sem er með lágt verndargildi. Aðrar landgerðir eru tún og akurlendi.



Mynd 8. Vistgerðarkort frá NÍ. Rauður hringur afmarkar staðsetningu deiliskipulags.

4.5 Náttúruvernd

Í Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 er Hvítserkur skilgreindur sem hverfisverndað svæði vegna náttúruminja þar til hann verður friðlýstur. Á náttúruminjaskrá eru svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. Náttúruverndarlögum og er Hvítserkur meðal þeirra svæða og er lýst orðrétt í náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar: Hvítserkur. Sérkennilegur brimsorfinn berggangur í sjó.

Forðast skal að raska votlendi eins og hægt er við innviðaupbyggingu.

5 Tillaga

5.1 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að svæðinu er um núverandi afleggjara Hvítserksvegur sem liggur af Vatnsnesvegi (711). Vegagerðin hefur gert frumdrög fyrir mögulegar breytingar á Hvítserksvegi, ný lega Hvítserksvegur er sýnd á deiliskipulagsupprætti.

Innan svæðisins eru skilgreind bílastæði. Gert er ráð fyrir 51 bílastæði, 2 stæðum fyrir hreyfihamlaða, 5 rútustæðum og 4 stæðum fyrir stærri bíla. Einnig er afmörkuð lína þar sem í framtíðinni má gera ráð fyrir stækkun á bílastæði þar sem hægt er að bæta við 30 bílastæðum, 2 stæðum fyrir hreyfihamlaða, 4 rútustæðum og 4 stæðum fyrir stærri bíla. Tilhögun bílastæða er sýnd til skýringar á upprætti og getur tekið breytingum á hönnunarstigi. Frágangur bílastæða skal vera þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu og vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012.

5.2 Áningarstaðir og vegprestar

Áningarstaðir eru skilgreindir á svæðinu. Áningarstaðirnir eru fjórir, einn við Hvítserk þar sem nú þegar er búið að koma upp palli, áningarstaður í fjöru með útsýni að Hvítserki, áningarstað við Höfðingsbúð og áningarstað við aðkoma fyrir nestisaðstöðu o.fl. Á áningarstöðum er gert er ráð fyrir látlausum bekkjum og borðum og fræðslu- og upplýsingaskiltum um svæðið, náttúru og sögu. Uppbygging og umgjörð áningarstaða skal vera látlaus og æskilegt að nýta tilfallandi efni af svæðinu í hönnun.

Staðsetning, útfærsla og nánari hönnun á áningarstöðum skal miðast við aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Staðsetning, útfærsla og nánari hönnun á upplýsingaskiltum skal miðast við aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Þó skal vera samræmt útlit á milli forms og efnisgerðar á skiltum fyrir allt svæðið.

Gert er ráð fyrir uppsetning vegpresta á gatnamótum gönguleiða en þar er einnig leyfilegt að setja upp upplýsingaskilti. Upplýsingaskilti með fróðleik um Hvítserk og sögu þess, náttúru, fugla- og dýralíf verða staðsett við bílastæði, útsýnispalla og við göngustíga. Staðsetning skiltanna er sýnd á upprætti. Útlit þeirra og hönnun skal samræmd og vandað til hennar.

5.3 Stígakerfi

Deiliskipulagið er sýnir tvær gerðir af göngustígum megin göngustígar og náttúrustígar.

Megin göngustígar eru greiðfærir með auðveldu aðgengi. Stígarnir mega vera allt að 3 m breiðir. Tveir núverandi stígur eru flokkaðir sem megin göngustígur frá bílastæði, stígur að Hvítserk og stígur að áningarstað við Höfðingsbúð, lega stíga er ekki bindandi.

Aðrir minni stígar eru náttúrustígar, stígur niðri í fjöru og hluti af hringleið milli bílastæðis og Hvítserks. Torfærir stígar sem eru stíkaðir, lega stíga ekki bindandi.

5.4 Þjónustuhús

Skilgreindur er byggingarreitur fyrir þjónustuhús og aðstöðu fyrir landvörslu. Heimilt að byggja þjónustuhús allt að 200 m², byggingarefni sem fellur vel að svæðinu og lágmarka sýnileg áhrif..

6 Umhverfisáhrif

Umsvif og stærðargráða framkvæmdanna sem deiliskipulagstillagan tekur til er ekki talin muna valda verulegum umhverfisáhrifum. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru hugsaðar til að stýra og dreifa álagi af völdum fjölda ferðamanna við Hvítserk og gera svæðið betur í stakk búið til að taka á móti gestum án þess að það bíði skaða af. Skipulagssvæðið er innan hverfisverndarsvæðis vegna náttúruminja og því mikilvægt að staðsetning, hönnun og útfærsla mannvirkja (útsýnispalla) hæfi einkennum og umhverfi svæðisins. Vönduð hönnun og uppbygging er mikilvægur þáttur í sjálfbærri ferðaþjónustu sem tryggir viðeigandi aðstöðu á áhugaverðum stöðum án þess að gengið sé á gæði þeirra. Vanda þarf vel fyrirkomulag mannvirkja til þess að draga úr neikvæðum ásynðaráhrifum. Áætlunin fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

7 Heimildaskrá

Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026:

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=5508>

Ferðamálastofa: <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/fjoldi-ferdamanna-a-afangastodum>.

Náttfræðistofnun Íslands: <https://vistgerdakort.ni.is/>